

## Starfsreglur Sýklalyfjaónæmis- og súnusjóðs

### 1. gr.

#### *Markmið og starfsemi*

Í samræmi við þingsályktun nr. 40/149 um aðgerðaáætlun um matvælaöryggi og vernd búffjárstofna, er starfræktur sérstakur sjóður, sem nýtur framlaga frá heilbrigðisráðuneytinu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu sem og af fjárlögum í þrjú ár, 30 milljónir kr. á ári, þ.e. til ársloka 2022.

Tilgangur sjóðsins er að fjármagna verkefni undir formerkjum „Einnar heilsu“ (e. One Health) í baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi. Þá er tilgangur sjóðsins eftirfarandi:

1. Styrkja grunnrannsóknir í sýklalyfjaónæmi.
2. Fjármagna tilteknar skimanir fyrir ónæmum sýklum, en einungis verða fjármagnaðar skimanir sem eru umfram lögbundnar skimanir, t.d. tilteknar skimanir í matvælum, sauðfé, hrossum, gæludýrum, sníkjudýrum og umhverfi.
3. Fjármagna umframkostnað vegna rannsókna í almannapágu í því skyni að rekja uppruna sýkla sem dreifast á milli manna og dýra (súnur) í þeim tilvikum þegar upp koma hrinur, hópsýkingar eða faraldrar.

Niðurstöður grunnrannsókna í sýklalyfjaónæmi verða gerðar aðgengilegar á vefsþæði Stjórnarráðs Íslands í þeim tilgangi að þær nýtist til framfara í tengslum við baráttuna við sýklalyfjaónæmi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og heilbrigðisráðherra skipa sjóðstjórn til ársloka 2022, fjóra aðalmenn og fjóra til vara. Einn skal tilnefndur af Matvælastofnun, einn af embætti landlæknis, einn af heilbrigðisráðuneytinu og einn af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra án tilnefningar sem jafnframt er formaður sjóðsins. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og aðalmenn. Stjórnsýsla sjóðsins, þ.m.t. varsla og dagleg umsýsla hans heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Sjóðsstjórnin starfar á grundvelli reglna nr. 135/2020 um úthlutun styrkja úr Sýklalyfjaónæmis- og súnusjóði. Starfsreglum sjóðsins er ætlað að auka gegnsæi og tryggja fagleg vinnubrögð sjóðssstjórnar.

### 2. gr.

#### *Auglýsing um styrkveitingar*

Stjórn Sýklalyfjaónæmis- og súnusjóðs skal auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Í auglýsingu skal tilgreina þær kröfur sem gerðar eru til umsókna og fyrir hvaða tíma þær skulu berast sjóðnum. Auglýsingar skulu almennt birtar tvívar á ári.

### 3. gr.

#### *Fylgigögn umsókna*

Umsókn um styrk vegna grunnrannsókna í sýklalyfjaónæmi skal uppfylla skilyrði auglýsingar, sbr. 2. gr. starfsreglna þessara. Í styrkumsókn skal m.a. koma fram: Markmið verkefnis, fjárhæð sem sótt er um í sjóðinn, framkvæmda- og kostnaðaráætlun, áætlun um nýtingu fjármagns sem sótt er um, rannsóknarleyfi og hvernig nýta megi niðurstöður til að draga úr sýklalyfjaónæmi. Sótt skal um í nafni einstaklings, einstakrar stofnunar eða starfseiningar.

Með umsókn um fjármögnun tiltekinnar skimunar fyrir ónæmum sýklum sem eru umfram lögbundnar skimanir skal fylgja skimunar- og kostnaðaráætlun og rökstuðningur fyrir mikilvægi verkefnisins.

Með umsókn um fjármögnun umframkostnaðar vegna rannsóknar í almannapágu í því skyni að rekja uppruna súna í þeim tilvikum þegar upp koma hrinur, hópsýkingar eða faraldrar skal fylgja lýsing á atburðinum og rannsóknáætlanir viðkomandi stofnana auk frumrits reikninga vegna rannsókna sem áritaðir eru af yfirdýralækni eða sóttvarnalækni.

4. gr.

*Mat á umsóknum*

Mat á umsóknum byggist á þeim tilgangi sjóðsins að fjármagna verkefni undir formerkjum „Einnar heilsu“ (e. One Health) í baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi. Stjórnin leggur áherslu á að veita fé til verkefna sem samræmast tilgangi sjóðsins, sbr. 1. gr. starfsreglnanna. Stjórn Sýklalyfjaónæmis- og súnusjóðs leitast við að auka þekkingarsköpun á sviði sýklalyfjaónæmis með hagnýtingargildi rannsókna og verkefna að leiðarljósi.

5. gr.

*Styrkhæfi umsókna*

Stjórn Sýklalyfjaónæmis- og súnusjóðs starfar samkvæmt þeim megintilgangi að stemma stigu við frekari útbreiðslu sýklalyfjaónæmis hér á landi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn verkefni og rannsóknir einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka.

Við ákvörðun um styrkhæfi umsókna skal stjórnin leggja mat á eftirfarandi: gæði verkefnis-eða rannsóknaráætlunar, þ.m.t. markmið og skipulag verkefnis, hagnýtingargildi og mikilvægi þess og getu umsækjenda til að leysa verkefinið. Verkefnisstjórar rannsóknarverkefna skulu hafa lokið háskolanámi við alþjóðlega viðurkenndan háskóla. Enn fremur metur stjórn hagnýtingargildi rannsóknar sem og nýmæli hennar og gildi þekkingarsköpunar.

6. gr.

*Ákvörðunarvald stjórnar um veitingu styrkja*


Stjórn Sýklalyfjaónæmis- og súnusjóðs er falið ákvörðunarvald um hvaða umsækjendur skuli hljóta styrki hverju sinni. Stjórnin skal viðhafa vandaða stjórnsýsluhætti og byggja ákvarðanir sínar á lögmætum og málefnalegum sjónarmiðum. Stjórninni ber að gæta jafnræðis við mat umsókna og ákvörðun um úthlutun. Ákvarðanir stjórnarinnar eru undanþegnar skyldu til rökstuðnings, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 21. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og jafnframt undanþegnar kæruheimild, en um þær gilda meginreglur stjórnsýsluréttar og stjórnsýslulaga.

7. gr.

*Eftirfylgni stjórnar vegna veittra styrkja*


Stjórn Sýklalyfjaónæmis- og súnusjóðs skal upplýsa styrkþega um að þeim er skv. 6. gr. reglna um úthlutun styrkja úr Sýklalyfjaónæmis- og súnusjóði skylt að gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár. Enn fremur skal stjórnin tryggja að niðurstöður verkefna sem styrk hljóta séu kynntar almenningi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 4. júní 2020.

  
Kristján Þór Júlíusson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Heilbrigðisráðuneytinu, 4. júní 2020.

  
Svandís Svavarsdóttir

heilbrigðisráðherra.